

Afstöðumynd

mkv: 1 : 500

Byggingarlýsing

A. ALMENNT

Hádegisskarð 18

Landeignanúmer er L214380.

B. STARFSEMI OG NOTKUN
Um er að ræða einbýlishús á tveimur hæðum. Burðarvirki hússins er úr forsteyptum köldum einingum, einangrað að utan og klætt með álklæðningu og timbri að hluta. Á neðri hæð er aðalinngangur, herbergjaálma og bílskúr. Á efri hæð er alrými og hjónaherbergi. Á neðri hæð er stúdíó með sérinngangi og verönd til suð-austurs. Á lóð eru tvö bílastæði.
Stúdíó á neðri hæð, rými 0102, fylgir eignarhluta 0101. Óheimilt er að selja stúdíó frá skráðum eignarhluta.

C. HELSTU STÆRÐIR

Botn		44,3 m³
1. hæð	221,5m²	677,8 m³
2. hæð	153,1 m²	655,4 m³
Samtals	374,6 m²	1.377,5 m³

D. STÆRÐ LÓÐAR OG NÝTINGARHLUTFALL

Lóðarstærð:	846,4 m²
Nýtingahlutfall	374,6 m² / 846,4 m²=0,44

E. BURÐARVIRKI
Útveggir og berandi innveggir eru forsteyptar járnbentar kaldar einingar. Botnplata er staðsteypt milli útveggja. Milliplata og þakplata er úr filigran einingum með ásteypulagi, þar sem það er mögulegt, annars staðsteypt. Þakhalli að niðurföllum er mótaður í steypu.

F. UTANHÚSSFRÁGANGUR
Útveggir eru forsteyptar kaldar einingar einangraðir að utanverðu með 100 mm steinullareinangrun og klæddir álklæðningu á tilheyrandi upphengikerfi. Meginhluti húss er klæddur álpanelum í dökkgráum lit með lóðréttri uppskiptingu. Neðri húshluti undir stærri þaksvölum (svefnherbergisálma) er klæddur með standandi viðarklæðningu í brúnum tón, fest á sama upphengikerfi og önnur álklæðning hússins.

Þakfrágangur er viðsnúið þak sem einangrað er með 250 mm Roofmate einangrun, jarðvegsfilt og farg ofan á það (hellusteinar eða möl með viðeigandi grófleika, flokkur T). Undir einangrun verður tvöfalt lag af ásoðnum þakpappa sem skal vera í flokki T. Þakfrágangur á þaksvölum er samskonar og frágangur á þaki (viðsnúið þak) en þar er farg hellusteinar sem eru í flokki T, Þakhalli skal vera a.m.k. 1:40.

Álklæddir timburgluggar, inngangshurðir og svalahurðir verða í dökkgráum lit. Póstlúga við aðalhurð skal vera í 100 cm hæð frá jörðu.

G. HANDRIÐ INNAN- OG UTANHÚSS
Handrið utan húss verða úr lituðu áli og öryggisgleri, litur á áli er samlitur gluggalit. Hæð handriða er 1100 mm og hæð stigahandriða er 900 mm á hæð sbr. gr. 6.5.4 í byggingarreglugerð . Handrið við stigaop innanhúss er 1100 mm á hæð. Hvergi er op meira en 89 mm. Handrið innanhúss eru úr stáli og öryggisgleri.

H. EINANGRUN BYGGINGARHLUTA
Fyrirkomulag einangrunar hússins er í meginatriðum eftirfarandi:
Einangrun sökkla og botnplötu er 100 mm polystyren-einangrun (U-gildi 0,4 W/m2K).
Einangrun útveggja er 100 mm steinullar-einangrun (U-gildi 0,4 W/m2K).
Þakeinangrun er 250 mm Þrýstieinangrun (Roofmate). (U-gildi 0,2 W/m2K)
Vegið meðaltal varmataps útveggja skal vera undir 0,85W/m ².
Kólnunartölur skulu vera í samræmi við Byggingarreglugerð nr. 112/2012, grein 13.3.2.

I. GERÐ INNVEGGJA OG HURÐA
Léttir innveggir eru hefðbundnir, þ.e. blikkgrind með fermacell plötum og/eða hlaðnir frauðsteypuveggir. Allar klæðningar eru í flokki 1 í bílskúr og a.m.k. klæðningar í flokki 2 í íbúðarhluta.

J. KERFISLOFT OG KERFISGÓLF
Á ekki við.

K. LAGNALEIÐIR, UPPHITUN OG LOFTRÆSTING
Öll inntök eru staðsett í bílskúr íbúð 0101. Húsið er hitað með gólfhitakerfi. Neysluvatn og hitalagnir eru lagðar undir plötum eða steyptar í milliplötu og eru rör í rör ál-pex lagnir eða sambærilegar vottaðar lagnir. Frárennslislagnir verða úr plasti og tengjast fráveitukerfi bæjarfélagsins. Ofanvatn bílastæða verður leitt í svelg innan lóðar

Almennt eru rými náttúrulega loftræst um opnanleg gluggafög. Að auki verður í vélrænt loftskiptakerfi í öllum rýmum hússins. Baðherbergi, þvottahús og eldhús eru því loftræst vélrænt sbr. ákvæði byggingarreglugerðar, sjá nánar verkteikningar lagnahönnuðar.

L. BRUNAVARNIR
Hæðarskil eru steypt plata með brunamótstöðu ekki lægri en REI-90. Veggir sem aðskilja íbúðir frá hvor annarri eru steyptir og ekki með lægri brunamótstöðu en EI-90.

Flóttaleiðir eru um inngangshurðir, svalahurðir og björgunarop úr svefnherbergjum. Ljósop björgunaropa er a.m.k. 60x90 cm. Staðsetning handslökkvitækja og reykskynjara kemur fram á grunnmynd.

M. HLJÓÐVIST
Hljóðvist verður í samræmi við ÍST 45:2016, kafla 6 um íbúðarhúsnæði. Hljóðvist verður ekki lakari en í flokki C.

N. ÖRYGGISBÚNAÐUR
Tryggja skal að hitastig vatns við töppunarstaði fari ekki yfir 65 gr. á celsius. Það skal gert með viðurkenndum öryggisbúnaði neysluvatnskerfa, t.d. varmaskipti eða uppblöndunarloka.
Gler sem er nær jörðu en 60cm verður öryggisgler. Á heitum potti í garði verður læsanlegt öryggislok og hæð í heitan pott verður 45cm.

O. TÆKNIBÚNAÐUR
Á ekki við.

P. ALGILD HÖNNUN
Rými 0102 á jarðhæð hússins er hannað samkvæmt kröfum um algilda hönnun í samræmi við grein 6.1.3.h í byggingarreglugerð. Í því felst að þröskuldur/hæðarmunur við inngangs- og svalhurð er minni en 25 mm. Á einu baðherbergi, geymslu, við hurðir og í öllum svefnherbergjum er a.m.k. 1.300 x 1800 mm snúningssvæði eða hægt að koma því við síðar með því að breyta innréttingum. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra dyra innanhúss skal vera minnst 0,8 m og hæð minnst 2,0m. Aðkomuleið af bílastæði inn í íbúð er einnig þrepalaus.

Íbúð 0101 er ekki með öll meginrými á inngangshæð og því ekki gerð krafa um algilda hönnun íbúðarinnar.

Q. FRÁGANGUR LÓÐAR
Aðkoma að húsi er hellulögð. Verönd/sérafnotaflötur er úr timbri og/eða hellulagður. Gert er ráð fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Lýsing á lóð verður lágstemmd og glýjulaus. Snjóbræðslulagnir verða í gangstétt að aðalinngöngum og í innkeyrslu. Hleðslustöð fyrir rafbíla verður við bílastæði. Frágangur á lóðarmörkum skal gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sjá nánar grunnmynd 1. hæðar.

R. MEÐHÖNDLUM SORPS
Fjörfalt sorptunnuskýli er á lóð. Sorp er flokkað skv. fyrirmælum sveitafélagsins.

S. AÐRAR SÉRTÆKAR AÐGERÐIR
Ekki er um neinar sértækar aðgerðir að ræða.

Byggingarhlutar (húseining, húshluti, byggingarhluti, s.s. gluggar, ofnar og fl.) sem framleiddir eru í verksmiðju eða á verkstæði og ætlað er ákveðið og sérhæft hlutverk í byggingu skulu ávallt bera vottun samkvæmt byggingarreglugerð.

SHS

29. nóv. 2022

Varmatapsútreikningur HÁDEGISSKARÐ 18 Dags. 15.10.2022 Nafn Sigurður Hafsteinsson

Reiknað varmatap húss	Þykkt einangr. mm	m2	ΔT		W/m2*K	W	W/K
			ΔT 35				
Útveggir	125	269,8	35	9441,88	0,31	2927	83,63
Gluggar		115,0	35	4025	1,30	5233	149,50
Útveggir að jarðfyllingu	100	60,6	35	2122,12	0,24	509	14,55
Steypt þakplata	225	171,0	35	5985	0,19	1137	32,49
Gólf á fyllingu, m/gólfhita	125	221,0	25	5525	0,22	1216	34,73
						11021	314,90
Kuldabrýr		m					
Sökkull undir útvegg		73,8	35	2583	0,48	1240	35,42
sökkull undir millivegg		25,0	15	375	0,46	173	4,93
Kuldabrú við gluggi		194,2	35	6797	0,04	272	7,77
Milliplata/svalir/milliveggur		23,4	35	819	0,83	680	19,42
						2364	67,54
Heildarvarmatap		Í LAGI				13385	W
Vegið meðaltal útveggir/gluggi/hurðir			Í LAGI			0,56	W/m2*K
		Fermetrar húss				390,70	
Heildarvarmatap á fermetra húss						0,98	W/m2*C

Krófur byggingareglugerðar	Reiknað varmatap húss m2	ΔT		ΔT 35 W/m2*K	W
Útveggir	269,768	35	9441,88	0,40	3777
Gluggar	115	35	4025	2,00	8050
Útveggir að jarðfyllingu	60,632	35	2122,12		
Steypt þakplata	171	35	5985	0,20	1197
Gólf á fyllingu, m/gólfhita	221	25	5525	0,30	1658
Allur rauður texti í dökkgulum reit reit færist á aðalteikningu		Einangr. mm	Orkurammi	W	14681
Útveggir	0,31	125	Heildar varmatap á fermetra hús		
Gluggar	1,30				
Útveggir að jarðfyllingu	0,24	100	0,98	W/m2*C	
Steypt þakplata	0,19	225			
Gólf á fyllingu, m/gólfhita	0,22	125			
	14681 W	Krófur byggingarreglugerðar			
	0,85 W	Krófur byggingarreglugerðar			
		Krafa/Raun≥100	109,68 %		

	W/K
Útveggir	107,91
Gluggar	230,00
Útveggir að jarðfyllingu	
Steypt þakplata	34,20
Gólf á fyllingu, m/gólfhita	47,36
Orkurammi	419,46
Rauntap	382 Í LAGI

Samþykkt í nefnd
30. NÓV. 2022
Byggingarfulltrúinn á Akureyri
Hildur Þórðardóttir

BRUNAHÖNNUÐUR

ELDVARNAREFTIRLIT

SKÝRINGAR

BREYTING		DAGSETNING	TEIKN.
e:			
d:			
c:	Málsetningar á afstöðumynd Byggingarlýsing (undirstrikað).	28.okt.2022	SHT
b:	Bílastæði og sorpskýli. Byggingarlýsing (undirstrikað).	28.okt.2022	SHT
a:	Málsetningar á afstöðumynd. Byggingarlýsing (undirstrikað).	27.okt.2022	SHT

Hádegisskarð 18

Afstöðumynd

VERK 21-666

BLAÐ A100

REYKJAVÍK 17.okt.2022
BREYTT 28.okt.2022 BREYTING C
HANNAÐ JEJ/HG TEIKNAÐ HG/SHT YFIRFARIÐ JEJ
KVARÐI 1 : 500 BLAÐSTÆRÐ A2
SAMÞYKKT Jónína Ólafsdóttir Kt. 090982-3549 HÖNNUNARSTJÓRI

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
VEGMÚLA 2 108 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740
KAUPANGI VIÐ MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508
NETFÖNG: teikna@teikna.is VEFFANG: teikna.is